



Sveitarstjórn Skagastrandar
Fundargerðir

FUNDARGERÐ SVEITARSTJÓRNAR

Föstudaginn 14. ágúst 2020 var fundur haldinn í sveitarstjórn Skagastrandar kl. 8:00 í fundarsal að 2. hæð Túnbraut 1-3 Skagaströnd.

Á fundinn voru mætt: Halldór G. Ólafsson, Róbert Kristjánsson, Guðmundur Egill Erlendsson, Kristín B. Leifsdóttir, Hrefna Dögg Þorsteinsdóttir og Alexandra Jóhannesdóttir, sveitarstjóri.

Halldór G. Ólafsson oddviti setti fundinn og stjórnaði honum. Sveitarstjóri ritaði fundargerð.

Dagskrá:

1. Rekstur og framkvæmdayfirlit jan-jún 2020

Fyrir fundinum lá rekstrar- og framkvæmdayfirlit sveitarfélagsins fyrir tímabilið jan-jún 2020 sem sveitarstjóri fór yfir og útskýrði. Fyrirliggjandi gögn voru til kynningar og umræðu. Sveitarstjórn ræddi yfirlitin og rekstur sveitarfélagsins almennt. Ljóst er að væntanlegar skerðingar á framlögum Jöfnunarsjóðs vegna Covid-19 munu setja mark sitt á rekstrarniðurstöðu ársins.

2. Trúnaðarmál – viðskiptakröfur

Afgreiðsla sveitarstjórnar er bókuð í trúnaðarbók.

3. Skýrsla vegna forathugunar á sjóböðum

Fyrir fundinum lá skýrsla Urðarsels og Arkþing Nordic vegna forgreiningar á forsendum vegna baðlauga á Skagaströnd. Skýrslan var til kynningar og var sveitarstjóra falið að vinna áfram að málinu.

4. Endurnýjun slökkvibíls fyrir Slökkvilið Skagastrandar

Fyrir fundinum lá tilboð frá Feuerwehrtechnik Berlin vegna nauðsynlegrar endurnýjunar slökkvibifreiðar fyrir Slökkvilið Skagastrandar. Bifreiðin sem um ræðir er af tegundinni MAN TGM og er með 3000 lítra vatnstanki og 300 lítra froðutanki ásamt því að vera búin öllum helsta búnaði sem nauðsynlegur er til slökkvistarfa. Verðtilboðið sem liggur fyrir



Sveitarstjórn Skagastrandar
Fundargerðir

nemur 215.000 evrum eða um 34,8 milljónum króna. Starfssvæði Slökkviliðs Skagastrandar nær yfir Skagaströnd og Skagabyggð frá Laxá í Refasveit að Skagatá. Fram kom að samtal hafi átt sér stað við oddvita Skagabyggðar vegna kaupa á bifreið og að sveitarstjórn Skagabyggðar væri jákvæð fyrir fjárfestingunni. Sveitarstjórn ræddi fram komið tilboð og fyrirbyggjandi gögn og fól sveitarstjóra að ganga frá samningi um kaupin. Verður fjárfestingunni mætt með lækkun á handbæru fé og vísað til viðauka við fjárhagsáætlun.

5. Ársreikningar 2019

a. Félags- og skólaþjónustu A-Hún

Fyrir fundinum lá ársreikningur Félags- og skólaþjónustu A-Hún 2019. Í ársreikningi kemur fram að rekstrartekjur samstæðu byggðasamlagsins námu 224,8 millj. árið 2019. Rekstrargjöld námu 198,1 millj. og fjármagnsgjöld 4 millj. Rekstrarniðurstaða var því jákvæð um 22,7 millj. á árinu. Handbært fé nam 28,4 millj. í árslok og hafði hækkað um 18 millj. milli ára. Ársreikningur var til lagður fram til kynningar.

b. Tónlistarskóla Austur-Húnvetninga

Fyrir fundinum lá ársreikningur Tónlistarskóla Austur-Húnvetninga 2019. Í ársreikningi kemur fram að rekstrartekjur hafi numið 54 millj. og rekstrargjöld 48,6 millj. Rekstrarhagnaður fyrir fjármagnsliði nam 5,5 millj. og fjármagnsgjöld 0,5 millj. Rekstrarniðurstaða var jákvæð um 5 millj. á árinu. Ársreikningur var lagður fram til kynningar.

6. Bréf

a. Umhverfisstofnunar dags. 25. júní 2020

Með erindi Umhverfisstofnunar er áætlun Skagastrandarhafnar um móttöku og meðhöndlun úrgangs og farmleifa frá skipum sbr. 6. gr. reglugerðar nr. 1200/2014 staðfest. Áætlunina skal endurskoða á þriggja ára fresti og eftir meiriháttar breytingar á rekstri hafnanna. Sveitarstjórn staðfesti áætlunina og fól sveitarstjóra að birta hana.



Sveitarstjórn Skagastrandar
Fundargerðir

b. Dómsmálaráðuneytis dags. 24. júní 2020

Með erindinu er tilkynnt að í tengslum við forsetakosningar greiði ríkissjóður nauðsynlegan kostnað við störf undirkjörstjórna og kjörstjórna skv. 2. mgr. 15. gr. laga nr. 24/2000. Erindið var til kynningar.

c. Sambands íslenskra sveitarfélaga dags. 2. júlí 2020

Fyrir fundinum lá minnisblað Sigurðar Ármanns Snævars fyrir hönd Sambands íslenskra sveitarfélaga þar sem farið er yfir forsendur fjárhagsáætlana sveitarfélaga 2021-2024. Erindið var til kynningar.

d. Kerry McMurdo og Þórunnar Þorsteinsdóttur dags. 7. ágúst 2020

Fyrir fundinum lá erindi Kerry McMurdo og Þórunnar Þorsteinsdóttur í tengslum við útskorna súlu sem stendur við Hólanesveg. Með erindinu er hugtakið menningarnám eða (e. cultural appropriation) skýrt og mælt til þess að svo nefnd totem súla sem stendur við Hólanesveg verði tekin niður á forsendum menningarnáms. Þá er lagt til að í stað súlunnar verði sett eitthvað sem hefur menningarlegt gildi fyrir íbúa Skagastrandar. Sveitarstjórn þakkar fyrir innsent erindi og mun taka það til skoðunar. Að öðru leyti var erindið til kynningar.

e. Valtýs Sigurðssonar, Arnars Viggóssonar og Grétars Amazeen dags. 11. ágúst 2020

Með erindinu er óskað eftir aðkomu sveitarfélagsins til þess að kaupa frisbígolfkörfur og annað nauðsynlegt til uppbyggingar á frisbígolfvelli á Skagaströnd og leyfi til þess að setja upp slíkan völl. Sveitarstjórn ræddi erindið og vísaði því til frekari umfjöllunar við gerð fjárhagsáætlunar 2021.

7. Fundargerðir

a. Sameiningarnefndar A-Hún dags. 16.04.2020

Fundargerð var til kynningar



Sveitarstjórn Skagastrandar
Fundargerðir

- b.** Sameiningarnefndar A-Hún dags. 10.06.2020
Fundargerð var til kynningar
- c.** Sameiningarnefndar A-Hún dags. 23.06.2020
Fundargerð var til kynningar
- d.** Sambands íslenskra sveitarfélaga og Félags kennara og stjórnenda í
tónlistarskólum dags. 10.07.2020
Fundargerð var til kynningar
- e.** Samstarfsnefndar Sambands íslenskra sveitarfélaga og Kennarasambands
Íslands vegna Félags grunnskólakennara dags. 10.07.2020
Fundargerð var til kynningar
- f.** Samstarfsnefndar Sambands íslenskra sveitarfélaga og Kennarasambands
Íslands vegna Félags leikskólakennara dags. 10.07.2020
Fundargerð var til kynningar
- g.** Stjórnar Tónlistarskóla A-Hún dags. 23.06.2020
Fundargerð var til kynningar
- h.** Stjórnar Tónlistarskóla A-Hún dags. 21.07.2020
Fundargerð var til kynningar

8. Önnur mál

a. Strandveiðar

Oddviti lagði fram eftirfarandi bókun:

„Sveitarfélagið Skagaströnd skorar á Sjávarútvegsráðherra að grípa til aðgerða til þess að tryggja öllum strandveiðibátum 12 leyfilega veiðidaga í ágúst. Fyrirséð er að heildarafli sem ætlaður var til strandveiða mun klárast á næstu dögum með þeim afleiðingum að veiðar fjölda



Sveitarstjórn Skagastrandar
Fundargerðir


báta um allt land munu stöðvast. Slikt mun hafa neikvæð áhrif á tekjur fólks, fyrirtækja og sveitarfélaga vítt og breytt um landið á sama tíma og stjórnvöld keppast við með beinum og óbeinum aðgerðum að halda hjólum atvinnulífsins gangandi á tímum heimsfaraldurs Covid 19.“

Bókun var samþykkt samhljóða með fimm greiddum atkvæðum.

Annað var ekki tekið fyrir undir þessum lið og var fundi slitið kl. 10:35


Halldór G. Ólafsson


Róbert Kristjánsson


Kristín Björk Leifsdóttir


Hrefna Dögg Þorsteinsdóttir


Guðmundur Egill Erlendsson


Alexandra Jóhannesdóttir